



ÁRSSKÝRSLA 2023



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfjarðar í suðri. Frá Snæfellsnesi í vestri og upp á Langjökul í austri.

Á svæðinu búa 18.130 manns (1. mars 2024) sem skiptast niður á 9 sveitarfélög. Öll sveitarfélögin 9 eru aðilar að Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Samtökin voru stofnuð árið 1969.



18.130 íbúar



9 sveitarfélög



Lög og markmið SSV

- Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga. Í 97 gr. segir að sveitarfélögunum sé heimilt að hafa með sér landshlutasamtök sem vinni að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir sveitarfélögin. Jafnframt er kveðið á um í lagagreininni að ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir skulu leita umsagnar hjá landshlutasamtökunum við ákvarðanir eða stefnumótun sem varði landshlutann sérstaklega. Loks er kveðið á um að landshlutasamtök geti með samningum eða samkvæmt ákvæðum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra.
- Þá er landshlutasamtökum sveitarfélaga falið í 97 gr. a að hafa umsjón með vinnu og framkvæmd Sóknaaráætlunar Vesturlands
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) starfa því annars vegar með hliðsjón af áðurnefndum lagaákvæðum og hins vegar í samræmi við sérlög samtakanna eins og þau voru samþykkt á aðalfundi 2014 og með breytingum á Haustþingi 2017, aðalfundi 2020 og aðalfundi 2022.
- Í lögum SSV kemur fram að markmið samtakanna eru:
- Að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð.
- Kynna kosti Vesturlands, efla samkennd íbúa og styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans



Aðalfundur SSV 2023

- Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 22. mars 2023. Verkefni aðalfundar er fyrst og fremst að gera upp undangengið ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi.
- Á aðalfund SSV mættu 45 fulltrúar og gestir. Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV flutti ársskýrslu og Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning samtakanna. Eftir fyrirspurnir og umræðu samþykkti fundurinn ársskýrslu og ársreikning.





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Haustþing SSV 2023

- Haustþing SSV fór fram í Reykholti 4. október. Um 50 manns tók þátt í þinginu.
- Hlutverk haustþings er að horfa fram á veginn, samþykkja fjárhags- og starfsáætlun, auk þess að samþykkja ályktanir um ýmis mál.
- Þema þingsins voru menntamál.
- Ragnheiður Þórarinsdóttir rekstur LBHI, Áslaug Hulda Jónsdóttir aðstoðarkona ráðherra, Ingvi Hrannar Ómarsson sérfræðingur í mennta- og barnamálráðuneytinu og Signý Óskarsdóttir ráðgjafi tóku þátt í pallborðsumræðu um málefnið undir stjórn Hlédísar Sveinsdóttur.





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Stjórn SSV

Stjórn SSV var kosin til tveggja ára á aukaaðalfundi 2022
Í stjórn eru:


- Guðveig Eyglóardóttir formaður, Borgarbyggð
- Líf Lárusdóttir varaformaður, Akranesi
- Eyjólfur I. Bjarnason Dalabyggð
- Ragnar Sæmundsson, Akranesi
- Elín Gunnarsdóttir, Hvalfjarðarsveit
- Guðný Elíasdóttir, Skorradalshreppi
- Sigurður Guðmundsson, Borgarbyggð
- Sigurborg Ottesen, Eyja- og Miklaholtshreppi
- Jakob B. Jakobsson, Stykkishólmi
- Jósef Kjartansson, Grundarfirði
- Júníana Óttarsdóttir, Snæfellsbæ

Stjórn SSV hélt alls 8 fundi á árinu og fóru fundirnir ýmist fram á Teams eða voru staðbundnir. Auk þess fundaði stjórn með samráðsvettvangi Sónarætlunar Vesturlands





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Starfsfólk SSV

- Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri
- Hrefna B. Jónsdóttir framkvæmdastjóri Sorpurðunnar Vesturlands
- Svala Svavarsdóttir verkefnastjóri
- Sigursteinn Sigurðsson fagstjóri menningar og velferðarmála
- Vífill Karlsson fagstjóri atvinnuráðgjafar
- Helga Guðjónsdóttir atvinnuráðgjafi
- Ólöf Guðmundsdóttir atvinnuráðgjafi
- Hrafnhildur Tryggvadóttir atvinnuráðgjafi
- Sædís Þórðardóttir skrifstofumaður
- Margrét Björk Björnsdóttir fagstjóri áfangastaða- og markaðssviðs
- Björk Jóelsdóttir verkefnastjóri
- Kristján Guðmundsson verkefnastjóri
- Líf Lárusdóttir, sérverkefni - Gott að eldast
- Linda Guðmundsdóttir verkefnastjóri DalaAuðs

Hlutverk skrifstofu SSV er að halda utan um þau verkefni sem SSV eru falin með lögum, samningum sem SSV hefur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf, við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands og Ferðamálastofu.

Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunnar Vesturlands árið 1999 haldið utan um rekstur félagsins. Í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni, auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu.

Í árslok 2023 voru 14 starfsmenn hjá SSV í samtals 11,2 stöðugildum.





Samstarf og hagsmunagæsla

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti, en helstu fundir voru:

- Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu.
- Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendir frá sér umsagnir um nokkur mál. Þá var fundað með nefndum alþingis, ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Þá skipulagði SSV fundi fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi með ráðherrum og þingmönnum um ákveðin málefni





Fræðsla og kynning

- Annað af markmiðum SSV er að stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi á málefnum sveitarfélaga. Áhersla hefur verið lögð á að efla heimasíðu SSV og metnaður hefur verið lagður í að vera með ýmiskonar tölfraði um Vesturland á síðunni, auk þessa að hafa aðgengilegar skýrslur og annað útgefið efni um landshlutann. Vífill Karlsson hagfræðingur á veg og vanda að þessum upplýsingum. Þá heldur SSV úti facebooksíðu og vefsíðu um Vesturland.
- Áfangastaða og markaðssvið SSV heldur utan um ýmsa miðla sem nýtast ferðamönnum á Vesturlandi og má þar nefna; vefsíðuna west.is, upplifdu.is



Fræðsluferð SSV til Skotlands

Í ágúst 2023 fóru sveitarstjórnarfulltrúar frá SSV og SSNV í sameiginlega fræðsluferð til Skotlands. Frá SSV fóru alls 32 fulltrúar og starfsmenn. Fyrst var farið til Inverness þar sem byggðastofnunin Highlands and Islands enterprise var heimsótt og fræðst um byggðamál í hálöndum Skotlands. Einnig var rannsóknarsetrið Inverness campus heimsótt og loks menningarmiðstöðin WASP. Daginn eftir var haldið til Edinborgar og á leið þangað var stoppað í Caringorm þjóðgarðinum var sem starfsemi hans var kynnt fyrir ferðalöngum. Í Edinborg var farið í heimsókn til Sambands skoskra sveitarfélaga og fræðst um verkefni sveitarfélaga og ýmislegt fleira.

Ferðin tókst í alla staði mjög vel og ljóst er að fræðsluferð sem þessi skilar aukinni þekkingu á ýmsum málflokkum sem brenna á sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi auk þess að skapa tengsl við kollega.





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Atvinnuráðgjöf

- Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum. Í gegnum samninginn kom rúmlega 33 m.kr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind. Þau eru eftirtalin:
- **Atvinnu- og byggðapróun:** Í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum og áherslur Sóknaráætlunar Vesturlands.
- **Atvinnuráðgjöf:** veitir aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vörubrúun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Veitir upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila.
- **Nýsköpun:** vinnur verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.
- **Upplýsingaöflun:** hafa góða heildarsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.
- **Fræðslumál:** námskeið og fræðsla fyrir atvinnuráðgjafa. Árið 2023 bauð Byggðastofnun ráðgjöfum í kynnisferð til Noregs.





Verkefni atvinnuráðgjafar eru fjölbreytt

- Föst viðvera á flestum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi
 - Einu sinni í viku á Akranesi
 - Einu sinni í mánuði á öðrum stöðum.
- Þátttaka og verkstjórn á sameiginlegum verkefnum landshlutasamtaka sveitarfélaga
 - Fyrirtækjakoönnun
 - Íbúakoönnun landshluta
- Þátttaka í vinnuhópum og verkefnum, innlendum sem erlendum.
- Vinna fyrir Nýsköpunarnet Vesturlands
- Vinna að verkefnum í sóknaráætlun og aðstoð við umsækjendur í Uppbyggingarsjóð
- Aðstoð við einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög á sviði atvinnumála, gerð rekstraráætlana, greininga og lánaumsókna, sem og leiðbeiningar við ýmiskonar verkefni og umsóknir í sjóði.





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Menning og velferð helstu verkefni

Velferð

- SSV f.h. Sveitarfélaga á Vesturlandi varð aðili að verkefninu Gott að eldast og var Líf Lárusdóttir ráðin verkefnastjóri.
- Áfram var unnið með Ungmennaráði Vesturlands og að málefnum innflytjenda í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Vesturlands
- Samstarf við Ríkislögreglustjóra gegn heimilsofbeldi hófst á árinu og er nú nánast lokið

Menning

- Samstarfsverkefni við Háskólann á Bifröst um kortlagningu menningar á Vesturlandi (In Situ)
- Samstarf menningarfulltrúa í öðrum landshlutasamtökum fastur liður
- Áhersluverkefni Sóknaráætlunar, Menningargróska
- Uppbyggingarsjóður Vesturlands
 - Ráðgjöf við umsækjendur í Uppbyggingarsjóð
 - Eftirfylgni með styrkveitingum og mat á framgangi verkefna
 - Ráðgjöf til styrkþega



Kona að strökka
e. Ásmund Sveinsson
Ljósmynd Þorgrímur Guðbjartsson



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Áfangastaða- og Markaðsstofa Vesturlands



Starfsemi og áhersluverkefni Á&M byggja á stefnumótun Áfangastaðaáætlunar Vesturlands á hverjum tíma og er m.a. fjármögnuð með samningi við Ferðamálastofu, Íslandsstofu samstarfi við Sóknaráætlun og samstarfaðild starfandi ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi.

Hlutverk Á&M samkv. samningi við Ferðamálastofu:

- ❖ Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlunar landshlutans ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- ❖ Stuðla að vöruþróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- ❖ Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snerti ferðaþjónustu.
- ❖ Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarpörf hvers landshluta.
- ❖ Leggja mat á fræðsluþörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðaþjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.
- ❖ Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild. (Framlag Ferðamálastofu er ekki ætlað til markaðsmála erlendis í einu eða öðru formi)
- ❖ Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðaþjónustu samkvæmt samstarfssamningum.
- ❖ Vinni með öðrum áfangastaðastofum og Ferðamálastofu að sameiginlegum verkefnum og þróunar á starfsháttum áfangastaðastofa.

Hlutverk Á&M samkv. samningi við Íslandsstofu:

Upplýsingamiðlun:

- Áfangastaðastofan sendir efni til tengiliða hjá Íslandsstofu til kynningar á landshlutanum:
 - Árlegan lista yfir áherslur svæðanna í upphafi árs.
 - Upplýsingar mánaðarlega þegar við á.
 - Kynningaefni fyrir vef- og samfélagsmiðla þegar við á.
- Íslandsstofa nýtir það efni sem berst til kynningar á Íslandi sem áfangastað á alþjóðlegum vettvangi.

Almannatengsl:

- Samstarf um skipulagningu og framkvæmd fjölmiðlaferða.
- Samstarf um skipulagningu og framkvæmd áhrifavaldaferða.
- Svörun fjölmiðlafyrirspurna með fókusi á landshlutann.
- Samstarf um almannatengsl í krísum, sbr. viðbrögð við hamförum.

Myndabanki, vefur og samfélagsmiðlar:

- Áframhaldandi uppbygging á sameiginlegum myndabanka.
- Samnýting á myndefni frá áhrifavaldasamstarfi.
- Áfangastaðastofa veitir ráðgjöf um efni tengt sínum landshluta á vef visiticeland.is og travel trade vefsíðu á ársfjórðungslegum fundum, og eftir því sem við á.

Viðskiptatengsl:

- Samstarf um kynningu á áfangastaðnum
- Vinnustofur og sýningar:
 - Áfangastaðastofur ákveða sín á milli skiptingu í þáttöku á sýningum út frá áherslu sinna landshluta.
 - Íslandsstofa og áfangastaðastofur vinna sameiginlega að því að auka þáttöku fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins í vinnustofum og sýningum skv. samþykktu verklagi, t.a.m. með sameiginlegum kynningarfundum einu sinni á ári fyrir fyrirtæki á svæðinu.



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Áfangastaðurinn Vesturland



- ❖ **Áfangastaðstofa** - þróunar og gæðamál - helstu verkefni 2023
- **Útivistarleiðir** - 40 leiðir komnar með úttekt og í kynningu á vefnum okkar www.vesturland.is
- **Ferðaleiðir** - Silfurhringurinn um Borgarfjarðarhérað
- **Áhersluverkefni** - Móttaka skemmtiferðaskipa og skipafarþega á Snæfellsnesi
- **Samstarf** - stoðkerfi ferðamála; Ferðamálastofa, Íslandsstofa, MAS, Hæfnisetur ofl.
- ❖ **Markaðsstofa** - markaðssetning og kynning - helstu verkefni 2023
- **Netmiðlar:** vesturland.is / west.is / visitwesticeland.is og samfélagsmiðlar
- **Borðkort:** Vesturland - helstu seglar og upplýsingar um ferðaþjónustuaðila með samstarfssamning
- **Lófakort:** Silfurhringurinn og Snæfellsnes
- **Mannamót:** stærsta ferðakaupstefna á Íslandi - kynningarvettvangur ferðaþjónustu á landsbyggðinni
- **Mid Atlantik:** haldin annað hvert ár á Íslandi sem er hentugt vegna staðsetningar milli Evrópu og Norður Ameríku þar sem sýnendur og gestir koma frá Íslandi, Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada.
- **Vinnustofa í London:** árleg fimm landa vinnustofa í London sem Íslandsstofa skipuleggur í samstarfi við Visit Finland, Visit Greenland, Visit Faroe Islands og Visit Estonia til að kynna viðkomandi áfangastaði.
- **Vestnorden:** kaupstefna Ferðamálasamtaka Norður-Atlantshafsins (NATA), sem er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði ferðamála. Löndin þrjú skipta með sér umsjón með ferðakaupstefnunni en hún er haldin annað hvert ár á Íslandi.
- **World travel market London:** alþjóðleg og ein stærsta ferðasýning sem haldin er ár hvert þar sem kaupendur koma hvaðanæva að í heiminum
- **Vinnustofa AECO í Osló:** fulltrúar frá Svalbarða, Grænlandi, Norður-Kanada og Íslandi og kynntu sína áfangastaði.
- **Vettvangsferð um Vesturland:** sjö blaðamenn í samstarfi við Íslandsstofu
- **Vettvangsferð um Silfurhringinn:** 21 starfsmaður frá erlendum ferðaskrifstofum sem voru þátttakendur á Vestnorden




Sóknaaráætlun Vesturlands

- Samningur um Sóknaaráætlun Vesturlands var gerður á árinu 2019 og gildir hann fyrir árin 2020 til 2024. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér: mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland, útfærslu og vinnu að sérstökum áhersluverkefnum fyrir landshlutann og rekstur á Uppbyggingarsjóði Vesturlands.
- Stjórn SSV (12 fulltrúar) skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 18 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi, menningarlífi og öðrum haghöfum. Fundur samráðsvettvangs fór fram í janúar 2023. Þar sem rætt var um áhersluverkefni sóknaaráætlunar og farið yfir framgang hennar.
- Fjárveitingar til Sóknaaráætlunar Vesturlands komu frá stjórnvöldum og sveitarfélögum á Vesturlandi. Alls hafði sóknaaráætlun til umræða ríflega 110 m.kr. á árinu 2023. Auk þess sem viðaukasamningar við Umhverfis-orku og loftlagsráðuneytis voru 20 m.kr.




Auka **umferðaröryggi** með auknu hlutfalli vega með **bundnu slitlagi**, fjölga **hleðslustöðvum** og auka hlutdeild almenningsamgangna.



Umhverfismál og samgöngur

- Flokkun í anda hringrásarhagkerfisins
 - Stuðla að bættri úrgangsstjórnun fyrirtækja á Vesturlandi
 - Ráðgjöf við sveitarfélög um innleiðingu nýrra laga um úrgangsstjórnun.
 - Ráðstöfun dýrahæja
 - Framkvæmdaaðili Environice
 - Viðbótarfjárveiting frá UOL
- Út að hjóla
 - Kortlagning hjólaleiða á Vesturlandi
 - Úttekt á mögulegum nýjum hjólaleiðum (RFK-ráðgjöf)
 - Hjólreiðar og ferðapjónusta
- Ímynd Vesturlands
 - Ímyndarkönnun unnin af Rannsóknarsetri í byggða og sveitarstjórnarmálum
 - Ímyndarbæklingur – í vinnslu



Mynd 121: „Hvort telur þú Vesturland vera aðlaðandi eða óaðlaðandi svæði fyrir ungt fólk til að setjast að á?“ greint eftir aldri.



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Atvinna og nýsköpun

- Nýsköpun og frumkvöðlar
 - Stuðningur við Fab-Lab smiðju Vesturlands, Kviku í MB og nýsköpunarbraut við FSN
 - Stuðningur við stofnun Gleipnis nýsköpunar- og þróunarseturs
 - Vesturbrú, nýsköpunarhraðall
- Efling ferðaþjónustu
 - Upplifðu.is
 - Ferðaleiðir á Vesturlandi (Silfurhringurinn)
 - Skráning gönguleiða
 - Stefnumótun í móttöku skemmtiferðaskipa
 - Ljósmyndabanki Vesturlands
- Matarauður Vesturlands
 - Stuðningur við matarhátíð Beint frá býli og matarbíl á Snæfellsnesi
- Hækkum hlutfall opinberra starfa á Vesturlandi
 - Kortlagning opinberra starfa á Vesturlandi
 - Könnun á óstaðbundnum störfum
 - Framkvæmdaaðili, Rannsóknarsetur í byggða og sveitarstjórnarmálum





Atvinna, nýsköpun og menning

- Vesturland er valkostur
 - Uppfæra innviðagreiningu Vesturlands og gera hana aðgengilega.
 - Opna sérstaka heimsíðu „Investvesturland“ þar sem til staðar verða hagnýtar upplýsingar um Vesturland s.s. nýsköpunar umhverfið, atvinnulíf, lóðaframboð, innviði og þjónustu sveitarfélaga.
 - Kynning fyrir fjárfesta á tækifærum á Vesturlandi
- Aðlaðandi Vesturland
 - Samantekt yfir ýmis norræna verkefni sem miða að því að auka aðdráttarafl sveitarfélaga. Verkferakista fyrir sveitarfélög á Vesturlandi. Skýrsla gefin út haustið 2023 unnin af Rannsóknarsetri í byggða- og sveitarstjórnarmálum
 - Ráðstefna á Akranesi í október 2023.
- Sjálfbær atvinnuþróun
 - Greining á þeim þáttum sem þarf til þess að skapa sjálfbæra atvinnuþróun
 - Sjálfbærni auðlinda
 - Aðgerðaráætlun
 - Unnið af KPMG
- Menningargróska
 - Safnaklasi Vesturlands formlega stofnaður
 - Barnamenningarhátíð fór fram í Borgarbyggð 2023
 - Verkefnið Listavinnuskólinn
 - Menningarhátíðir á Vesturlandi
 - Kortlagning menningar á Vesturlandi í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina, Bifröst





Velferð

- Innflytjendur og vinnumarkaður 2021 - 2022 - 2023
 - Í umsjá Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
 - Námskeið og íslenskukennsla
 - Fjölmeningarfærninámskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi
 - Móttökuáætlanir
- Efling öldrunarþjónustu 2021-2022-2023 -
 - Ráðning ráðgjafa til að vinna með tillögur um eflingu og samþættingu öldrunarþjónustu og umsókn um þátttöku í verkefninu Gott að eldast
 - Vesturland er aðili að verkefninu Gott að eldast
 - Verkefnisstjóri ráðinn til að vinna að verkefninu Gott að eldast.



**Símenntun
á Vesturlandi**

**Gott 
að eldast**

Uppbyggingarsjóður

- Úthlutunarnefnd tekur ákvörðun um úthlutanir sjóðsins
 - Í nefndin sitja fimm fulltrúar
Formaður er Helena Guttormsdóttir
- Fagráð veitir úthlutunarnefnd umsagnir um styrkumsóknir
 - Í fagráði eru sex fulltrúar
Formaður er Elva Magnúsdóttir
- Styrkveitingar alls kr. 58.730.000
 - Menningarstyrkir kr. 27.450.000
 - Stofn- og rekstrarstyrkir kr. 4.750.000
 - Atvinna og nýsköpun kr. 26.530.000





Byggðaáætlun

SSV vann að fimm verkefnum árið 2023 sem eru styrkt af byggðaáætlun

- Breiðafjarðarverkefnið - Náttúruvernd til eflingar byggðaþróunar - Vernd og sjálfbær nýting auðlinda - Samstarfsverkefni með Vestfjarðarstofu
- Dalabyggð í sókn - Styrkur úr C1 - Ímynd Dalabyggðar
- Iðngarðar í Búðardal - Styrkur úr C1 - Umsjón í höndum Dalabyggðar
- Verðmætasköpun á sauðfjarræktarsvæðum - Styrkur úr C1 - Samstarfsverkefni með Vestfjarðarstofu og SSNV
- Almenningsamgöngur í Dalabyggð - Almenningsamgöngur á milli byggða. - Akstur á milli Búðardals og Borgarness, leið 65



DalaAuður

- Dalabyggð var tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir snemma árs 2022.
- Verkefnið er samstarfsverkefni Dalabyggðar, Byggðastofnunar og SSV.
- Verkefnið hefur gengið mjög vel og er unnið í samræmi við verkefnaáætlun sem samþykkt var í kjölfar íbúáþings.
- Frumkvæðissjóður DalaAuðs sem er hluti af verkefninu hefur úthlutað 24,5 m.kr. til ýmissa verkefna í Dalabyggð.
- Linda Guðmundsdóttir var ráðin verkefnisstjóri og hóf hún störf s.l. vor.
- Búið er að vinna stöðugreiningu fyrir Dalabyggð, halda íbúáþing, vinna verkefnaáætlun og frumkvæðissjóður DalaAuðs hefur úthlutað styrkjum til ýmissa verkefna.



